



## Fundargerð

### Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 1/2024 (nr. 102)

Dagsetning: 18. janúar 2024, Kl. 15:00 – 16:30

Staðsetning: TEAMS, HS, GJS og LSP voru á Hólum.

**Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfolk:** Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Laufey Haraldsdóttir (LH), Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP), Einar Kr. Guðfinnsson (EKG) og Sveinn Margeirsson (SM). Róbert Smári Gunnarsson (RSG) boðaði forföll. LH ritar fundargerð.

Dagskrá 1/2024 (102):

1. Drög að dagskrá fundar 1/2024 (102) - *Til samþykktar*
2. Drög að fundargerð fundar 11/2023 (101) - *Til samþykktar*
3. Húsnæðismál HH - *Til upplýsinga*
4. Tillaga stýrihóps um stofnun nýrrar háskólasamstæðu HI og HH - *Til samþykktar*
5. Jafnréttisáætlun HH 2024-2026 - *Til samþykktar*
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Drög að dagskrá fundar 1/2024 (102)
2. Drög að fundargerð fundar nr. 11/2023 (101).  
Liðir 1 og 2 voru samþykktir.
3. HS greinir frá stöðunni í húsnæðismálum á Hólum og Sauðárkróki. Skipulagsnefnd Svf. Skagafjarðar hefur samþykkt að úthluta til HH lóð austan við Borgarflöt 31 á Sauðárkróki til nýbyggingar á kennslu- og rannsóknaraðstöðu fyrir Fiskeldis - og fiskalíffræðideild, sk. frumhús. Í ljósi náttúruhamfara á Reykjanesi spunnust umræður um hugsanlega flóðahættu á lóðinni. Hönnun frumhúss og þarfagreining er hjá Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignir (FSRE). Hönnun og þarfagreining á uppbyggingu aðstöðu á Hólum sem og kaup á Brúnastöðum eru einnig hjá FSRE.
4. HS greinir frá niðurstöðu úr fýsileikagreiningu stýrihóps HH og HÍ um aukið samstarf eða sameiningu skólanna. Meginniðurstaða stýrihópsins er sú að háskólasamstæða sé fýsilegasti kosturinn. Stýrihópurinn leggur til við háskólaráð beggja háskóla að hafnar verði formlegar viðræður um stofnun nýrrar háskólasamstæðu. Háskólaráð HH samþykkir tillöguna. Ráðið leggur áherslu á að starfsfólk HH fái aðkomu að vinnunni framundan og geti komið sínum hugmyndum á framfæri eftir því sem við á og ef áhugi er fyrir hendi.
5. Jafnréttisáætlun Háskólans á Hólum 2024-2026 lögð fram til samþykktar. LH vísar af fundi vegna setu sinnar sem formaður jafnréttisnefndar HH, sem þegar hefur fjallað um nýja jafnréttisáætlun. Lagt er til að samræma áætlunina betur að nýju skipuriti HH og leggja aftur fram til samþykktar á næsta fundi háskólaráðs.
6. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi lokið um kl. 16:30